



Dreifing gatnagerðargjalda

-verklagsreglur-

Fyrirtæki:

Ef óskað er eftir geta framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, í umboði bæjarráðs, veitt fyrirtækjum heimild til dreifingar gatnagerðargjalda, þegar um er að ræða framkvæmdir við húsnæði/fyrirtæki, í þeim tilvikum er tekjur af starfsemi eða sölu umræddra eigna koma ekki til fyrir en að loknum framkvæmdartíma. Eftirfarandi skilyrði gilda um eftirfarandi heimild:

1. Gatnagerðargjöld dreifist ekki á lengri tíma en 2-3 ár.
2. Engar tekjur, eða sala eig sér stað á eigninni fyrir en að lokinni framkvæmd.
3. Um sé að ræða lögaðila.
4. Gerður skal sérstakur samningur um dreifingu gatnagerðargjalda milli Vestmannaeyjabæjar og hlutaðeigandi framkvæmdaraðila.
5. Helstu þættir í samningi:
 - a. Tilgreina skal í samningi heildarálagningu gatnagerðargjalda
 - b. Tilgreina skal gjalddaga hvernar greiðslu og ekki að ekki séu veittir frekari frestir á einstaka gjalddaga.
 - c. Gatnagerðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði er tryggt með lögveðsrétti í framangreindri fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá hverjum framangreindra gjalddaga sbr. 8. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.
 - d. Álögð gatnagerðargjöld taka beytingum eftir vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, svo álagning gjaldanna tapi ekki verðgildi sínu. Með því skulu eftirstöðvar álagðra gatnagerðargjalda eftir hvern gjalddaga við greiðslu næsta gjalddaga taka breytingum eftir þróun vísitölu neysluverðs. Þannig skulu eftirstöðvar á fjárhæð með gjalddaga á ákveðnum degi uppreiknaðar samkvæmt þróun vísitölu neysluverðs frá útgefnum upplýsingum Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs á næsta útgáfudegi.
 - e. Umræddum framkvæmdaaðila er heimilt að greiða upp gatnagerðargjöldin hvenær sem er á tilgreindu tímabili um dreifingu gatnagerðargjalda og miðast þá áfallinn kostnaður við álagningardag að teknu tilliti til þróunar vísitölu frá þeim degi fram að uppgjöri.

Einstaklingur/fjölskyldur við byggingu íbúarhúsnæði til eigin nota:

Ef óskað er eftir geta framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, í umboði bæjarráðs, veitt einstaklingum heimild til dreifingar gatnagerðargjalda, þegar um er að ræða framkvæmdir við íbúðarhúsnæði til eigin nota, eftir ólíku byggingarstigi framkvæmdanna, þó aldrei lengur en til 6 mánaða og lágmarksupphæð þarf að vera 1 m.kr. Eftirfarandi skilyrði gilda um eftirfarandi heimild:

1. Gatnagerðargjöld dreifist ekki á lengri tíma en 6-9 mánuði) eftir ólíku byggingarstigi.
2. Um sé að ræða einstaklinga, en ekki lögaðila.

3. Gerður skal sérstakur samningur um dreifingu gatnagerðargjalda milli Vestmannaeyjabæjar og hlutaðeigandi íbúðaeigendur.
4. Helstu þættir í samningi:
 - a. Tilgreina skal heildarálagningu gatnagerðargjalda.
 - b. Tilgreina skal gjalddaga hverrar greiðslu og að ekki séu veittir frekari frestir á einstaka gjalddaga.
 - c. Gatnagerðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði er tryggt með lögveðsrétti í framangreindri fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá hverjum framangreindra gjalddaga sbr. 8. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.
 - d. Tryggt skal að álögð gatnagerðargjöld taki beytingum eftir vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, svo álagning gjaldanna tapi ekki verðgildi sínu. Með því skulu eftirstöðvar álagðra gatnagerðargjalda eftir hvern gjalddaga við greiðslu næsta gjalddaga taka breytingum eftir þróun vísitölu neysluverðs. Þannig skulu eftirstöðvar á fjárhæð með gjalddaga á ákveðnum degi uppreiknaðar samkvæmt þróun vísitölu neysluverðs frá útgefnum upplýsingum Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs á næsta útgáfudegi.
 - e. Umrræddum íbúðaeiganda er heimilt að greiða upp gatnagerðargjöldin hvenær sem er á tilgreindu tímabili um dreifingu gatnagerðargjalda og miðast þá áfallinn kostnaður við álagningardag að teknu tilliti til þróunar vísitölu frá þeim degi fram að uppgjöri.

Samþykkt í bæjarráði 12. febrúar 2025